

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. nóvember 2020

Mál nr. S-5397/2020:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Mantas Papreckis

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 8. september 2020, á hendur Mantas Papreckis, kt. [...], [...], [...], fyrir þjófnað með því að hafa, laugardaginn 19. október 2019, stolið Nike jakka í verslun Risamarkaðarins í Holtagörðum í Reykjavík að verðmæti kr. 8.000,-.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði sótti ekki þing við þingfestingu málsins og hafði ekki boðað forföll en hafði verið birt ákæra og fyrirkall. Verður málið dæmt samkvæmt heimild í a-lið 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála enda var þess getið í fyrirkallinu að þannig gæti farið um meðferð málsins.

Með vísan til framanritaðs og til rannsóknargagna málsins telst framangreind háttsemi sönnuð og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í apríl 1987. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 3. september 2020, var hann dæmdur í 30 daga fangelsi með dómi 22. desember 2017, meðal annars fyrir þjófnað. Sakarferill ákærða kemur að öðru leyti ekki til skoðunar við ákvörðun refsingar.

Ákærða er nú öðru sinni gerð refsing fyrir auðgunarbrot innan ítrekunartíma í skilningi 71. gr., sbr. einnig 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og horfir það til refsíþyngingar.

Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls, dómvenju og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.

Arna Sigurjónsdóttir, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Mantas Papreckis, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Arna Sigurjónsdóttir